

# LEIFUR ÁSGEIRSSON

## *Minningarrit*

Íslenska stærðfræðafélagið og Raunvísindastofnun Háskólans standa að útgáfu *minningarrits um Leif Ásgeirsson* (1903–1990).

Ritið skiptist í sex hluta:

*Saga stærðfræðings — Af ævi og starfi Leifs Ásgeirssonar*  
eftir JÓN RAGNAR STEFÁNSSON. Sögusviðið nær ofan úr Borgarfjarðardölum suður til Þýskalands, norðan frá Laugum í Reykjadal suður til Reykjavíkur og einnig vestur um haf. Auk þess sem sagt er frá Leifi sjálfum, er sagt frá því samfélagi þýzkra stærðfræðinga í Göttingen á fyrstu áratugum aldarinnar, sem hann mótaðist af á stúdentsárunum, og því samfélagi íslenskra stærðfræðinga, sem hann átti sjálfur þátt í að móta. (170 bls.)

*Fyrirlestrar frá málstofu í minningu Leifs Ásgeirssonar.*

Höfundar: BJÖRN BIRNIR, EGGERT BRIEM, JÓN I. MAGNÚSSON, REYNIR AXELSSON, ROBERT J. MAGNUS og SIGURÐUR HELGASON. (64 bls.)

*Stærðfræðigreinar Leifs Ásgeirssonar.* (118 bls.)

*Ritgerðir um stærðfræði Leifs Ásgeirssonar*  
eftir HALLDÓR I. ELÍASSON og SIGURÐ HELGASON. (48 bls.)

*Nokkrar greinar Leifs um önnur efni en stærðfræði*  
aok blaðaviðtals um uppruna og æskuár bróður hans, Magnúsar skálds Ásgeirssonar. Elztu greinarnar hafa ekki verið prentaðar áður, en þær skrifaði Leifur ungur að árum í *Geisla*, handskrifað mál-gagn ungmennafélagsins *Dagrenningar* í Lundarreykjadal. (36 bls.)

*Nokkur þeirra eftirmæla, sem birtust að Leifi látnum.* (19 bls.)

Fjöldi ljósmynda prýðir ritið.

HÁSKÓLAÚTGÁFAN 1998